

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Heima hf.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Heima hf. („Heimar“ eða „félagið“) og starfar samkvæmt ákvæðum IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. síðari breytingar. Kveðið er á um skipan hennar í starfsreglum stjórnar. Helsta hlutverk endurskoðunarnefndar er að leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga Heima.

Nefndin, sem skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti, hefur sett sér þessar starfsreglur sem stjórn Heima samþykkir með undirskrift sinni.

1. Skipan endurskoðunarnefndar

- 1.1. Endurskoðunarnefnd Heima er þriggja manna nefnd sem skipuð er af stjórn félagsins eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- 1.2. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum og stjórnendum Heima. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Þá skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Forstjóri og aðrir stjórnendur félagsins skulu ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd.
- 1.3. Nefndarmenn skulu hafa til samans næga þekkingu og reynslu til að sinna verkefnum nefndarinnar og skal að lágmarki einn þeirra hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Til að fullnægja framangreindum skilyrðum er stjórn heimilt að kjósa aðra en stjórnarmenn til setu í endurskoðunarnefnd.
- 1.4. Endurskoðunarnefnd er skipuð til eins árs í senn og eru laun nefndarmanna, sem sitja í endurskoðunarnefnd, ákvörðuð á aðalfundi félagsins.
- 1.5. Formaður endurskoðunarnefndar skal tilnefndur af aðalfundi og skipaður af stjórn félagsins. Formaður nefndarinnar er málsvari nefndarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd s.s. gagnvart stjórn, endurskoðendum og forstjóra varðandi viðfangsefni nefndarinnar nema að endurskoðunarnefndin ákveði annað.

2. Hlutverk endurskoðunarnefndar

- 2.1 Endurskoðunarnefnd skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ytri endurskoðendum. Nefndin skal fara yfir með stjórnendum og endurskoðendum að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda. Starfssvið endurskoðunarnefndar nær til Heima og félaga innan samstæðu



Heima. Endurskoðunarnefnd hefur eftirfarandi hlutverk og verkefni án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra.

2.2 Eftirlit með vinnuferli reikningsskila

Endurskoðunarnefnd skal leggja sérstaka áherslu á eftirlit með trúverðugleika fjárhagsupplýsinga sem stjórn fær með því að athuga hvort reikningsskilaaðferðir, sem félagið og samstæðan sem hún er hluti af notar, séu viðeigandi og samræmdar.

Í því skyni skal endurskoðunarnefnd fara yfir árshluta- og ársreikninga félagsins með forstjóra, framkvæmdastjóra fjármála og ytri endurskoðanda til að staðfesta að þeir hafi ekki athugasemdir við niðurstöðu og innihald reikningsskilanna.

Endurskoðunarnefnd skilar stjórn álitinu sínu á reikningunum.

2.3 Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureikninga og annarra fjárhagsupplýsinga Heima

Endurskoðunarnefnd fer yfir starfsáætlun ytri endurskoðenda og hefur eftirlit með umfangi endurskoðunar og kostnaðaráætlunum.

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega kalla eftir að ytri endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki geri grein fyrir störfum sínum og niðurstöðu endurskoðunar í skriflegri skýrslu. Endurskoðunarnefnd skal ganga eftir því að ytri endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki greini eins fljótt og kostur er frá mikilvægum atriðum sem kunna að hafa komið upp við endurskoðunina og bendi á veikleika í innra eftirliti og í vinnuferli við gerð reikningsskila þegar svo ber við.

2.4 Mat á óhæði ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda

Endurskoðunarnefnd gætir þess að endurskoðendur uppfylli ákvæði V. kafla laga nr. 94/2019, sbr. síðari breytingar, um óhæði endurskoðenda.

Endurskoðunarnefnd gætir þess að endurskoðendur staðfesti árlega óhæði sitt með formlegum hætti í samræmi við 29. gr. laga nr. 94/2019 og Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Endurskoðunarnefnd gætir þess að þóknarir til endurskoðenda fyrir önnur störf en endurskoðun fari ekki umfram viðmiðunarmörk 4. gr. ESB reglugerðar nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, sbr. síðari breytingar, og taki ekki að sér þjónustu sem talin er upp í 5. gr. sömu reglugerðar.

2.5 Eftirlit með fyrirkomulagi á virkni innra eftirlits, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringar

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með að virkni innra eftirlits og áhættustýring sé í samræmi við stefnu félagsins og að eftirlitsaðgerðir taki mið af áhættu í starfsemi. Í þessu felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé sannreynd með reglubundnum hætti. Endurskoðunarnefnd skal veita stjórn félagsins umsögn um áhættustefnu félagsins áður en hún er lögð fyrir stjórn til samþykktar.



Endurskoðunarnefnd kannar hvort mikilvægustu áhættur félagsins séu greindar, þeim lýst og stýrt á viðunandi hátt. Hún fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti og áhættustýringu.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem hún verður áskynja um þar sem grunur er um brot á lögum, reglugerðum eða að innra eftirlit hafi brugðist.

2.6 Tillaga um endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki

Endurskoðunarnefnd gerir tillögu til stjórnar Heima um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

2.7 Önnur verkefni endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal skoða með starfskjaranefnd áhrif launa á áhættutöku og áhættustýringu.

Þá getur stjórn Heima sent endurskoðunarnefnd hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar innra eftirlit félagsins, gerð reikningsskila og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni í hverjum þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að gera.


Endurskoðunarnefnd skal árlega skila stjórn skýrslu um störf sín. Í skýrslunni skulu koma fram samskipti við stjórn, endurskoðanda og stjórnendur félagsins. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á störfum sínum og einstakra nefndarmanna, mat á vinnuferli við gerð reikningsskila, mat á virkni innra eftirlits, mat á áhættustýringu og mat á óhæði endurskoðanda og á endurskoðun ársreiknings.

3. Fundir og starfshættir

- 3.1 Formaður endurskoðunarnefndar boðar til fundar og stýrir þeim.
- 3.2 Í upphafi hvers starfsárs skal endurskoðunarnefnd gera starfsáætlun, skipuleggja fundi og áætlun um fundarefni út starfsárið. Fundargerðir og önnur gögn sem lögð eru fyrir stjórn, skulu vera aðgengileg tímanlega fyrir stjórnarfundi á vefsvæði hennar.
- 3.3 Fundir í endurskoðunarnefnd skulu að lágmarki haldnir ársfjórðungslega til að fara yfir ársreikning og árshlutauppgjör, eða þegar formaður boðar til fundar s.s. vegna aðkallandi málefnis. Formanni endurskoðunarnefndar ber að kalla saman fund ef einhver nefndarmanna, stjórnarformaður Heima, ytri endurskoðandi eða forstjóri, krefst þess.

4. Heimildir og aðgengi að gögnum

- 4.1 Endurskoðunarnefnd hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Kostnaður við ráðgjöf skal kynntur formanni stjórnar Heima með formlegum hætti.
- 4.2 Endurskoðunarnefnd hefur víðtækan og óheftan aðgang að þeim gögnum félagsins sem hún telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu. Í því skyni að afla nauðsynlegra



upplýsinga og gagna vegna starfa sinna getur nefndin leitað til einstakra stjórnarmanna og stjórnenda Heima sem og dótturfélaga og ytri endurskoðanda.

5. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð

- 5.1 Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og stjórnendur Heima bera ábyrgð á reikningsskilum og innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins. Rýni endurskoðunarnefndar á reikningsskilum og ársreikningi er ekki sama eðlis og sú endurskoðun sem gerð er af óháðum endurskoðanda.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1 Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni Heima og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber.
- 6.2. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmaður skal varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu.

7. Staðfesting starfsreglna og breytingar á þeim

- 7.1 Stjórn Heima undirritar frumrit starfsreglna þessara. Frumrit starfsreglnanna, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargögnum stjórnar félagsins.
- 7.2 Endurskoðunarnefnd skal fara yfir og endurmeta árlega hvort reglur nefndarinnar séu fullnægjandi. Telji endurskoðunarnefnd að breyta þurfi starfsreglunum skal hún koma með tillögur að breytingum til stjórnar en hún ein getur samþykkt breytingar á starfsreglum þessum.



Þannig staðfest af stjórn Heima hf. þann 20. júní 2024.

Tómas Kristjánsson

A handwritten signature in blue ink that reads 'Tómas Kristjánsson'.

Bryndís Hrafnkelsdóttir

A handwritten signature in blue ink that reads 'Bryndís Hrafnkelsdóttir'.

Benedikt Olgeirsson

A handwritten signature in blue ink that reads 'Benedikt Olgeirsson'.

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

A handwritten signature in blue ink that reads 'Guðrún Tinna Ólafsdóttir'.

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

A handwritten signature in blue ink that reads 'Heiðrún Emilía Jónsdóttir'.